



Beckerplast 20

Vörunr. 8420

Lýsing

Beckerplast 20 (8420) er vatnsþynnanleg plastþeytumálning ætluð á vegg og loft innanhúss. Málningin hentar þar sem óskað er eftir hálfmattri áferð. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningum. Beckerplast 20 er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljóttþorandi.

Notkun

Beckerplast 20 er ætluð á stofur og herbergi. Hún er heppileg á t.d. pússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti með plastmálningu.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Þynnir: Vatn
Gljástig: 20	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 3 og 10 lítra	Þurrktími: 1/2 klst
Efnisnotkun: 6- 8 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert

Undirmálun

Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240).

Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240). Að lokum eru málaðar 2 umferðir með **Beckerplast 20**.

Endurmálun

Þrifið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að slípa lauslega með sandpappír og matta hann, til þess að góð viðloðun náist. Einnig er hægt að grunnmála með Gifs- og spartlsgrunni (4240). Málaðar 2 umferðir af **Beckerplast 20**.

Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C. Málningin má ekki frjósa.
- Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur.
- Notið Gullspack spartl við spörslun og flögn.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Beckerplast 20** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.